

ADVEL – Skalanleg skjalastjórnunarlausn fyrir alþjóðlega lögfræðistofu



CoreData var notað til að setja upp miðlæga, örugga og aðgengilega stafræna skrifstofu sem hjálpar lögfræðingum ADVEL að eyða minni tíma í leit að mikilvægum viðskiptaupplýsingum, bæta framleiðni og hámarka áreiðanleika.



Áskoranir

- Fyrri skjalageymsla og málastjórnunarkerfi ADVEL var ekki skalanlegt eftir þörfum fyrirtækisins. Fyrirtækið þurfti sérsníðna lausn sem fékk þau til að kanna möguleikana sem eru til staðar í CoreData.
- Engin miðlæg stýring var á almennum og lagalegum skjölum. ADVEL var að eyða of miklum tíma í að leita að skjölum.
- Aðgangur að skjalasafni ADVEL var ekki nægilega notendavænn. Lögmenn ADVEL vinna á skrifstofunni, á skrifstofum viðskiptavina og að sjálfsgöðu í réttarsal. Það að geta sótt viðkvæm málsskjöl hvaðanæva á auðveldan og öruggan máta var lykilatriði fyrir afkastagetu og öryggissjónarmið fyrir bæði lögmenn ADVEL og viðskiptavinum þeirra.



ADVEL

ADVEL hefur um árabíl sérhæft sig í lögfræðiráðgjöf til íslenskra fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum markaði. Alhliða þekking á alþjóðsviðskiptum innan fyrirtækisins gerir ADVEL kleift að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna erlendis. Sem og á móti getur ADVEL gætt hagsmuna erlendra viðskiptavina héraðs.

Staðsetning
Ísland

lönaður
Lögfræði

Lausnir

- **Vinnusvæði CoreData og sérsniðin vinnuflæði hentaði skalanlegum áskorunum ADVEL.** Sérfræðingar CoreData sökkту sér niður í viðskiptaferla ADVEL og unnt var að innleiða endanlega lausn sem leiddi til árangursríks samstarfs.
- **Aðgangur að öllu skjalasafni ADVEL á augabragði.** CoreData flutti öll skjöl ADVEL frá SharePoint sem og öðrum geymslusvæðum í eina miðlæga og aðgengilega skjalageymslulausn.
- **Í CoreData getur ADVEL búið til sérstök vinnusvæði fyrir viðskiptavinum sína sem eru yfir 50 talsins og geymt skjöl sem þeir geta skoðað og þannig straumlínulagað alla vinnuferla.** CoreData er ISO27001 vottað – ein besta öryggisvottunin – sem tryggir að skjöl ADVEL eru í öruggum höndum.
- **Sambætting CoreData við hugbúnað ADVEL frá þriðja aðila, Manor, gerir þeim kleift fylgjast með kostnaðinum er snýr að tíma lögmannna vegna mála.**



„Við erum að nota CoreData til að stjórna málum okkar og skjölum. Ég get nálgast, deilt, breytt öllum upplýsingum hvar sem er og hvenær sem er. Það sem okkur líkar hvað best er hæfileikinn til að stjórna aðgangi að skjölum og deila ákveðnum skráum með tilteknu fólki.

Vilborg Ásgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri ADVEL.

Niðurstaða



Aðgangur að skjölum á öruggan, hraðvirkan og auðveldan máta, óháð staðsetningu.



Tímasparnaður með skilgreindum sniðmátum.



Tíminn sem að fer í að finna skjöl stýttist verulega með skilvirkri heildartextaleit.



Aukið öryggi og eftirlit með skjölum.

- CoreData aðstoðaði ADVEL að hagræða með 20 starfsmönnum fyrirtækisins og **straumlínulaga viðskiptaferla** fyrir 50+ viðskiptavinum sína og 100 + mál með notkun besta öryggistaðalins.
- Sniðmát CoreData fyrir mál, verkefni og skjöl hjálpar ADVEL að skrá ný mál með nokkrum smellum sem leiðir til aukinna afkasta.
- Skjalastjórnunarlausn CoreData hjálpar ADVEL að fylgja stöðluðum nafnagiftum skjala og þar með er auðveldara að finna skjöl.
- Þegar ADVEL leitar að ákveðnum skjölum eða viðskiptavinum koma fram nýjustu útgáfur þar sem CoreData varðveitir gömul skjöl án þess að búa til afrit eða vera með fjölmörg heiti á þeim.
- Með skráningu tölvupósts öðluðust lögfræðingar ADVEL fullkomnari/heildrænni sýn á mál.